

LISTIR

Hann er langafabarn
Stephans G. Stephans-
sonar, barn hippatím-
ans, ferðast um með
gamlan gítar og flytur
eigin lög og ljóð.
Bergþóra Jónsdóttir
ræddi við Bill Bourne,
tónlistarmann og
skáld, um það hvernig
tónlistin hefur tekið við
því hlutverki að auka
kærleika og skilning
milli þjóða heims.

BILL Bourne er enginn venjulegur tónlistarmaður. Hann er sveitastrákur frá Alberta í Kanada, hætti í skóla sextán ára, fór á flakk og ákvað að verða tónlistarmaður. Hann hefur ekki farið erindisleysu á þeim vettvangi og á þeim tuttugu og fimm árum sem hann hefur verið í tónlistinni hefur honum hlotnast margháttadur heiður og viðurkenningar af ýmsu tagi. Hann er nú kominn í fyrsta sinn til Íslands og heldur tónleika víðs vegar um landið, en erindi hans hingað er einnig að skoða slóðir langafa síns, Stephans G. Stephanssonar skálds. Hann á ekki langt að sækja tónlistar-áhugann; foreldrar hans voru báðir farnir að spila með hljómsveitum áður en hann fæddist; pabbi hans á nikku og mamma hans á gítar og tónlist var partur af daglegu lífi á heimili hans. Hann heldur því fram að hjá honum hafi þetta byrjað þegar móðir hans gekk með hann. Þá lék hún gjarnan á gítarinn og leiðin stutt og greið að ófæddu höfði hans.

Hef alltaf hlustað á alls kyns tónlist

Bill Bourne segist ekki vera sagnamaður, þó er stutt í sögunnar þegar hann segir blaðamanni frá ævi sinni og tónlistinni.

„Það var tónlist alls staðar í kringum mig. Þegar ég var fjórtán ára fór ég að spila á gítarinn, lög eftir söngvara þess tíma, Gordon Lightfoot, Bob Dylan og Joni Mitchell. Sextán ára var ég farinn að semja mína eigin söngva. Eyru mín hafa alltaf verið opin fyrir alls kyns tónlist, ólíkum stíltægundum, Mississippi Delta-blús og keltneskri tónlist, svo eitthvað sé nefnt. Ég var í skoskri hljómsveit á níunda áratugnum, og pabbi og mamma voru bæði vel heima í keltneskri tónlist. Nú, svo er ég að flikta við flamenco-tónlist og fyrir nokkrum árum fór ég líka að kynna mér afríska tónlist. Það er merkilegt hvað maður finnur sterk tengsl alls staðar þarna á milli, sérstaklega milli írsku tónlistarinnar og þeirrar afrísku. Flamenco-tónlistin er kannski svolítið frábrugðin, vegna áhrifa frá Mið-austurlöndum. Öll þessi tónlist hefur áhrif á það sem ég er sjálfur að semja, þótt útkoman sé mín eigin sköpun. Mér finnst þjóðleg tónlist hvaðanæva úr heiminum þjóða upp á mikla möguleika og ég finn sterkt fyrir tengslum fólks í heiminum gegnum þessa ólíku tónlist.“

Í sambandi við æðri meðvitund

Bill Bourne segir að það hafi ekki verið auðvelt að byrja að semja. „Ég var náttúrulega búinn að læra ógrynnin öll af annarra manna lögum og ég átti erfitt með að ímynda mér að ég gæti gert þetta líka. Mér hugnast best að biða eftir neistanum. Ég yrki og sum ljóðin verða að tónlist, önnur ekki, oftast koma bestu lögín mín bara frá mér áreynslulaust. Það er merkilegt ferli að semja lag, stundum er eins og maður komist í einhvers konar trans, og klukkutíma seinna er komið lag. Mér



Bill Bourne með gítar, sóglæraugu og hatt.

Listirnar færa fólk nær hvert öðru

finnst þetta ennþá afar leyndar-
dómsfullt ferli og ekki alltaf með-
vitað. Ég held að maður komist í
samband við einhverja æðri með-
vitund við að semja tónlist.“

Graceland var tímamótaverk

Fyrir um tíu til fimmtán árum var nánast óþekkt að tónlistarmenn sæktu sér efnivið í eigin tónlist úr jafnmörgum áttum og Bill Bourne gerir. Þeir sem voru í blús voru blúsmenn, vísnaðsöngvarar voru bara vísnaðsöngvarar, rokkarar rokkðu og þjóðleg tónlist fjarlægari staða var sjaldheyrð á Vesturlöndum. Jafnvel þjóðleg tónlist þjóða Vesturlanda sjálfra var sjaldheyrð, ef undan er skilin sterk keltnesk þjóðlagahefð sem óx og dafnaði í Norður-Ameríku með þjóðlagasöngvurum á borð við Joan Baez og svo auðvitað tónlist blökkumannanna, blúsinn. Á síðasta áratug hefur orðið róttæk byltung í landslagi tónlistarinnar hvað þetta varðar. Bill Bourne nefnir einn atburð sem hann telur hafa komið þessari bylgju af stað. „Þetta byrjaði þegar Paul Simon gaf út plötuna „Graceland“ þar sem Ladysmith Black Mambazo frá Suður-Afríku lék með honum og hvað mig varðar a.m.k. var þetta upphafið að samruna menningarstrauma í tónlistinni og gífurlegri útbreiðslu slíkrar tónlistar. Í tónlistariðnaðinum varð til orðið *heimstónlist*, um þetta fyrirbæri.“

Hlutverk listarinnar

Nú kemst Bill Bourne á flug og segir sögu af vini sínum sem hitti ókunnann mann. Það var rödd Guðs sem talaði gegnum þennan mann og sagði að áður fyrr hefði hann komið til fólksins með kirkjunni og stjórnmálamönnum, en nú kæmi hann til fólksins í tónlistinni og öðrum listum. Og Bill Bourne er mikið í mun að tengja þessa sögu

því að einmitt með tónlistinni fái kærleikur og skilningur meðal fólks að dafna og vaxa. „Mín tilfinning er sú að eitthvað þessu líkt sé í raun að gerast og að tónlist, ljóðlist og myndlist hafi því hlutverki að gegna að færa fólk nær hvert öðru. Stjórnmálamennirnir eru vissulega ekki að gera það, og mér virðist kirkjan, án þess kannski að hafa ætlað sér það, hafa gert svo mörg mistök í tímans rás að fólk sé hætt að treysta henni. Þá er ég ekki að meina að trúarbrögðin hafi ætlað sér illt; í trúarbókum heimsins, eins og Biblíunni, finnur maður vissulega leiðsögn til góðra verka, en kirkjan hefur bara orðið að enn einni pólitísku stofnuninni, öfugt við það sem ætlað var í upphafi, og þar með hrakið frá sér fólk. Fjöldi fólks lætur það ekki einu sinni hvarfla að sér að leggja við hlustir þegar kirkjan talar og þetta finnst mér hafa verið óheillapróun. Stjórnmálamennirnir eru ekki skárrí. Það dýpsta sem ég hef

heyrt á liðnum vikum var yfirlýsing George Bush, forseta Bandaríkjanna um að Bandaríkin hefðu ekki ráð á að efna Kyoto-samkomulagið til verndar loftslags í heiminum. Ég spyr bara, ef Bandaríkjamenn geta þetta ekki, hverjir eiga þá að hafa tók á því? Ég trúi því að fólk sé greindara en svo að það sjái ekki í gegnum þetta og sífelldar tilraunir stjórnmálamanna til að sundra okkur. Þess vegna finnst mér enn merkilegri þessi þróun sem er að verða í tónlistinni þar sem þjóðir heims eru virkilega að færast nær hver annarri.“

Íslenska í sveita-símanum

Þegar Bill Bourne segir frá uppruna sínum kemur í ljós að hann er hálfur Íslendingur. Móðir hans var dóttir Rósu, dóttur Stephans G., og afi hans í móðurætt var einnig íslenskur. Íslenska var móðurmál móður hans. Og enn spretta sögur úr munni sagnamannsins Bill Bourne þegar hann rifjar upp bernskudagana þegar enn var sveitasími í Alberta. Þegar mamma hans og amma töluðu saman í símann var það óbrýgðult að þær töluðu saman á íslensku til þess að forvitnir nágrannar gætu ekki fylgst með samræðunum. Föðurætt Bills kemur frá Englandi. Hann segir föður sinn hafa verið mikinn tónlistarmann og spilað listavel á harmóníkkju, þar til hann veiktist af lömunarveiki, og gat ekki lengur spilað. Hann stundaði þó bústörfin eftir sem áður.

Bill Bourne er eftirsóttur tónlistarmaður, hann ferðast milli landa og leikur á tónleikum og tónlistarhátíðum um allar jarðir. Hann er hingað kominn fyrir tilstilli Viðars Hreinssonar, sem hefur verið að rannsaka verk langafa hans, Stephans G. Stephanssonar í Kanada. Bill Bourne verður hér á landinu fram í júní, og ætlar að ferðast um, halda tónleika og skoða æskulúðir langafa síns í Bárðardal og Skagafirði. Hún rifjast upp, sagan sem allir skóla-krakkar lærðu, um það þegar Stephan G. horfði tárbotum augum á eftir skóladrengjunum á leið í skóla og grét ofan í móður jörð af sorg yfir að fátæktin kæmi í veg fyrir að hann gæti líka menntað sig. Þessa sögu hafði Bill Bourne ekki heyrt. „Ekki gott að segja hvað kallinn hefði sagt um mig, sem hætti í skóla sextán ára, fór á flakk til að geta spilað tónlist. Þá var það þjóðvegurinn sem heillaði, tíðarandinn í kringum 1970 var þannig; Woodstock og allt það. Mig langaði að tilheyra þeirri veröld.“ Bill Bourne er barn þessa tíma. Hann bindur sítt dökkt hárið í tagl, og hann er ekki tæknivæðari en svo, að gítarinn hans er bæði gamall og lúinn og ber þess merki að hafa þvælst víða og sagt margar sögur. Bill Bourne talar af hugsjón um hvernig tónlistin getur sameinað fólk. Þúsundir manna um allan heim leggja við hlustir þegar hann hefur upp raust sína. Nú er komið að okkur Íslendingum að hlusta.

begga@mbl.is

Leiðsögn og leikverk á listasýningu

LEIKPÁTTURINN Listveldið eftir Odd Nerdrum verður fluttur í þriðja sinn í Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum á sunnudag kl. 16, að lokinni leiðsögn um sýninguna kl. 15, en gestum safnsins gefst kostur á að njóta annars hvors eða beggja. Í verkinu spinnur listamaðurinn upp samtali sjálfs sín og kollega Edvarðs Munchs um tilgang listarinnar og eigin stöðu í samfélagi lista og manna. Leikarar eru Arnar

Jónsson og Sigurður Karlsson en leikstjóri er Hávar Sigurjónsson.

Listasafnið hefur einnig fengið að láni viðtalspátt við Odd Nerdrum sem norska sjónvarpið gerði fyrir um ári. Þar gefst gestum enn frekari kostur á því að skyggjast inn í líf og starf þessa listamanns. Pátturinn er nú sýndur alla daga í miðrymi Kjarvalsstaða og er um klukkustundur langur.

Sýningin stendur til 27. maí.

Ný sending til afgreiðslu strax!

CB 1100
X-Eleven



HONDA

CB 600F
Hornet




HONDA

XR-650R



HONDA

VT 1100C2
Shadow



HONDA

VT-750 DC
Black Widow



HONDA

XSR-X
Cross Sport



BERNHARD Bernhard ehf
Vatnagarðar 24 • Sími: 520 1100